

Aðalsími
681333

Kvöldsími
681348

Helgarsími
681663

PJÓÐVILJINN

Miðvikudagur 27. janúar 1988 20. tölublað 53. árgangur

Yfirdráttur
á tékkareikninga
launafólks
SAMVINNUBANKI
ÍSLANDS HF.

SÍS

Gengisfelling?

Stjórn Vinnuálagssambands samvinnufélaga, sem er aðili að Vestfjarðasamningunum, telur ekki unnt að staðfesta þá fyrr en vitað er til hvaða efnahagsaðgerða ríkisstjórnin gripur.

Í ályktun stjórnarinnar segir að óskað verði „eftir viðræðum við ríkisstjórnina um mögulegar aðgerðir í efnahagsmálum til að styrkja stöðu atvinnurekstrarins í landinu.

Ljóst er að rekstrargrundvöllur atvinnulífsins hefur versnað mjög verulega á síðustu mánuðum, m.a. vegna verðfalls Bandaríkjadollars, hækkunar vaxta og almennrar þenslu í efnahagslífinu.“

-rk

Hækkun barnabóta

Fáeinir hundraðkallar

Útgjöld vísitölufjölskyldunnar hækka um 4,000 krónur á mánuði vegna matarskattsins, samkvæmt útreikningum ASÍ

Stjórnvöld hafa ákveðið að hækka barnabætur frá upphaflegu frumvarpi til að vega upp á móti áhrifum matarskattsins, en samkvæmt útreikningum ASÍ nemur þessi hækkun fáeinum hundraðköllum þegar best lætur.

Þannig hækka barnabætur á mánuði fyrir hluta þessa árs með fyrsta barni um 126 krónur. Upphaflega frumvarpið gerði ráð fyrir 1,365 krónum til þess arna,

en að meðtalinni viðbót vegna matarskatts hækkar þessi upphæð í 1,491 krónu.

Þá hækkar barnabótaauki á barn um 284 krónur, bætur með hverju barni umfram eitt um 189 krónur, og viðbót vegna barns undir sjö ára aldri um 126 krónur.


Hver og einn getur metið hvort hann telur þessa hækkun vega upp þau áföll sem hann verður fyrir daglega vegna matarskatts-

ins, segir Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, í athugasemd í Morgunblaðinu í gær. Hann telur tekjuskattsbyrðina hafa aukist um 25% milli ára 1987 og 1988 með nýjum skattalögum. „Þar að auki hækka útsvör um 7 til 9% og stórhækkun verður á fasteignagjöldum um allt land,“ segir Ásmundur.

Heildarútgjöld vísitölufjölskyldunnar voru 114,523 krónur í

janúar, en voru 99,590 krónur í júlí. Þau hafa því hækkað um 14,933 krónur á mánuði á hálfu ári. Af þessari hækkun má rekja 5,399 krónur til hækkunar matvöru, en þau útgjöld hækkuðu úr 22,798 krónum í júlí í 28,197 krónur í janúar. Af matvöruhækkuninni má rekja um 4,000 krónur til matarskattsins í ágúst og janúar, segir Ásmundur.

HS



Ivar Valgarðsson og Steinþór Sigurðsson bera sjálfsmynd Helga Þorgils Friðjónssonar inn á Kjarvalsstaði. Mynd - E.Ól.

Sýning á Kjarvalsstöðum

Sjálfsmyndir listamanna

Hvernig sjá menn sjálfa sig?

Hvernig sjá menn sjálfa sig? Það vill oft bera við að hugmyndir fólks um sjálf sig stangist á við skoðun umhverfisins, hvort heldur sem spurt er um útlit eða innræti. Á sunnudaginn gefst mönnum kostur á að sjá hvernig íslenskir myndlistarmenn lýsa sjálfum sér, en þá verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning sem ber yfirskriftina Sjálfsmyndir. Þar verður til sýnis úrval sjálfsmýnda eftir íslenska myndlistarmenn og er stíkláð í gegnum íslenska myndlistarsögu allt frá 19. öld og fram á okkar daga. Sýningunni er ekki ætlað að vera sögulegt yfirlit eða fræðileg úttekt, heldur hefur verið reynt að velja margbreytileg og góð verk, listunendum til skemmtunar og yndisauka. Jafnframt er fólki gefið tækifæri til að hugleiða sannleiksgildi sjálfsmýnda, hvort raunveruleikinn sleppi ávallt úr greipum þess sem málari, og hvernig myndmálið getur gripið inn í málverkið þó svo að gerandinn og myndefnið séu það sama.

LG

Verðlagsráð

Fundur um brauð- og fiskverð

Fundur í Verðlagsráði á morgun. Krafa um tafarlausa lækkun á brauði og fiski. Bensínverð trúlega lækkað

Verðlagsráð mun að öllum líkindum, á fundi sínum á morgun, skipa bökkurum að lækka verð á brauðum og kökum til þess sem var fyrir álagningu 10% söluskatts og reikna síðan söluskattinn ofan á það verð. Tillaga um slíkt liggur fyrir frá fulltrúum launþega í ráðinu.

Bakarar hafa alfarið neitað að verða við óskum Verðlagsráðs við verðlækkun og bera fyrir sig ýmsar kostnaðarhækkunar á síðustu vikum og mánuðum. Ný verðkönnun, sem Verðlagsstofnun lét gera í bakaríum í þessari viku, staðfestir að verð á brauðum og kökum hefur ekki lækkað, þrátt fyrir samþykkt Verðlagsráðs í síðustu viku.

Samkvæmt heimildum Þjóð-

viljans mun einnig verða lagt til á fundi Verðlagsráðs að áður samþykkt 15% hækkun á útsöluverði ýsu frá því um áramót verði tekin

til baka, vegna villandi upplýsinga til ráðsins um verð á fiskmörkuðum í lok sl. árs.

Útsöluverð á bensíni og olíu

kemur einnig til umræðu á fundi Verðlagsráðs en vegna lækkunar á Rotterdammarkaði hefur staðan á innkaupajöfnunarreikningi

olíufélaganna batnað verulega og því allt sem bendir til þess að útsöluverð á bensíni verði lækkað um tæpar 2 kr. hver lítri. -lg.

Húsnæðisstofnun

Biðtími forgangshóps lengist

Biðtími þeirra sem eru í forgangshópnum hjá Húsnæðisstofnun lengist vegna þeirra breytinga á lögum um húsnæðislánasjóði ríkisins sem samþykktar voru fyrir áramót. Ástæðan er sú að forgangshópurinn stækkar. Nú teljast ekki eingöngu til hans þeir sem eru að byggja eða kaupa

í fyrsta sinn, heldur einnig þeir sem þurfa að stækka við sig vegna fjölskyldustærðar, eða annarra ástæðna.

Þá má einnig búast við því að biðtími þeirra sem ekki eru í forgangshópnum lengist einnig, þar sem lögin gera ráð fyrir að bið-

tími þeirra sé helmingi lengri en þeirra sem tilheyra forgangshópnum.

Önnur breyting sem nýju löginn hafa í för með sér er að þeir sem eiga skuldlitla íbúð fyrir fá ekki lán. Samkvæmt heimildum Þjóðviljans voru það um 40 manns af þeim 6000 sem eiga umsóknir

liggjandi inni hjá Húsnæðisstofnun.

Samkvæmt upplýsingum í Húsnæðisstofnun má búast við að fyrstu lánslofordin síðan í mars á síðasta ári, verði send út um og uppúr næstu helgi.

-Sáf